

**Ed. 229. Frumvarp til laga [89. mál]**  
um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 4. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Fjárhagsráð hefur einnig vald til að ákveða hámarksverð á vörum seldum í fornsölum.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Óheimilt er að framleiða vöru til sölu í verzlunum úr innfluttri vefnaðarvöru og garni, nema innflutningsleyfi hafi verið veitt fyrir vörunni til iðnaðar. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

3. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn öðrum ákvæðum þessara laga eða samþykktum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru, skal sökunautur sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum og sviptur atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Ítrekun brots varðar aukinni refsingu. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.